

SAMÞYKKT

um hunda- og kattahald í Vestmannaeyjabæ.

1. gr.

Gildissvið og stjórnýsla.

Samþykkt þessi gildir um hunda- og kattahald í Vestmannaeyjabæ.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands fer með eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar. Bæjarstjórn fer með framkvæmd samþykktar þessarar í umboði heilbrigðisnefndar og getur ráðið sérstaka dýraeftirlitsmenn eða falið starfsmönnum sveitarfélagsins hlutverk eftirlitsaðila.

2. gr.

Leyfi.

Hunda- og kattahald er heimilað í Vestmannaeyjabæ að fengnu leyfi og uppfylltum þeim skilyrðum, sem sett eru í samþykkt þessari. Óheimilt er að hafa fleiri en þrjú dýr á sama heimili.

3. gr.

Skilyrði fyrir leyfi.

Umsókn um leyfi til hunda- og kattahalds skal senda umhverfis- og framkvæmdasviði Vestmannaeyjabæjar innan mánaðar frá því að dýr er tekið inn á heimili, enda hafi samþykkis skv. 5. gr. verið aflað ef við á. Afkvæmi sem vistuð eru á skráningarstað móður er þó heimilt að halda án skráningar til 4 mánaða aldurs. Við skráningu dýrs skal greiða skráningargjald skv. gjaldskrá, sbr. 10. gr. Við útgáfu leyfis er leyfishafa úthlutað númeri sem hann skráir á plötu á hálsól dýrsins, sbr. 8. gr. og eintak af samþykkt um hunda- og kattahald í Vestmannaeyjabæ. Leyfi til hunda- og kattahalds einskorðast við tiltekin dýr. Leyfið er persónubundið, óframseljanlegt og bundið við heimili umsækjanda, enda er það ófrávikjanlegt skilyrði að dýrið sé skráð þar og haldið.

Leyfi til hunda- og kattahalds má veita að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- a. Umsækjandi skal vera lögráða og hafa lögheimili í Vestmannaeyjum.
- b. Að fyrir liggi samþykki sameigenda fjöleignarhúss þar sem það á við, sbr. 5. gr.
- c. Hundur skal vera ábyrgðartryggður, sbr. 9. gr.
- d. Að fyrir liggi vottorð um ormahreinsun, sbr. 9. gr.
- e. Að dýrið sé örmerkt, sbr. 9. gr.

Við mat umsóknar getur dýraeftirlitsmaður leitað umsagnar lögreglu og annarra yfirvalda um umsækjanda og þá hagi hans sem þýðingu geta haft.

Hafi umsækjandi ítrekað eða gróflega gerst brotlegur við samþykkt þessa, fyrri samþykktir sama efnis eða lög um dýravernd, er heimilt að hafna umsókn hans.

4. gr.

Bannaðar hundategundir.

Óheimilt er að halda hunda af eftirtöldum tegundum:

- a. Pit Bull Terrier/Staffordshire Bull Terrier.
- b. Fila Brasileiro.
- c. Toso Inu.
- d. Dogo Argentino.
- e. Amerískur Bulldog.
- f. Amerískur Staffordshire (amstaff).
- g. Boer boel.
- h. Miðasískur ovtjarka.
- i. Anatolískur fjárhundur (kangal).
- j. Kákasískur ovtjarka.
- k. Sarplaninac.

- l. Suðurrússneskur ovtjarka.
- m. Tornjak.
- n. Blendinga af ofangreindum tegundum.
- o. Blendinga af úlfum og hundum.

5. gr.

Hundar og kettir í fjöleignarhúsum, raðhúsum o.fl.

Um hunda- og kattahald í fjöleignarhúsum fer samkvæmt lögum nr. 26/1994, um fjöleignarhús. Áður en dýr er tekið inn á heimili í fjöleignarhúsi skal afla samþykkis eigenda annarra íbúða í samræmi við ákvæði laganna.

Ef annað er ekki tekið fram, nær samþykki skv. 1. mgr. einvörðungu til tiltekins dýrs og gildir á meðan það lifir. Samþykkið er óafturkallanlegt að óbreyttum forsendum en þinglýsingar er þörf til að það haldi gagnvart síðari eigendum í góðri trú. Skemmri heimsóknir hunda og katta eru heimilar ef enginn mótmælir en vistun eða dvöl þeirra yfir nótt er óheimil nema fyrir liggja leyfi 2/3 hluta eigenda sem hafa sameiginlegan inngang eða stigagang.

6. gr.

Leiðsögu- og hjálparhundar.

Sé eigandi eða annar varanlegur íbúi í hans skjóli, blindur eða fatlaður á annan þann máta að hann þurfi á sérþjálfuðum leiðsögu- eða hjálparhundi að halda er honum heimilt að halda slíkan hund óháð ákvæðum 5. gr um samþykki eigenda annarra íbúða. Slíkur hundur skal vera sérþjálfaður og skráður sem leiðsögu- og hjálparhundur. Þegar sótt er um leyfi til að halda slíkan hund í fjöleignarhúsi skal láta fylgja umsókn vottorð viðeigandi sérfræðings um þörf fyrir hundinn og þjálfun hans. Að öðru leyti gilda um leiðsögu- og hjálparhunda ákvæði 33. gr. d. laga nr. 26/1994, um fjöleignarhús.

7. gr.

Skammtímaheimsóknir.

Hundar og kettir, sem ekki eru skráðir í Vestmannaeyjum, mega ekki dveljast þar lengur en í tvo mánuði nema með leyfi umhverfis- og framkvæmdaráðs og að fengnu samþykki skv. 5. gr. sé um fjöleignarhús að ræða. Framvísa skal leyfi til hunda- eða kattahalds frá heimasveitarfélagi dýrsins eigi það við.

8. gr.

Hunda- og kattaskrá, tilkynningaskylda eiganda.

Upplýsingar um hunda og ketti skal skrá hjá umhverfis- og framkvæmdasviði Vestmannaeyjabæjar. Skrá skal heiti, aldur, kyn, tegund, litarhátt, númer örmerkis og önnur einkenni dýrs. Þar skal einnig skrá nafn, kennitölu og heimilisfang leyfishafa. Umsókn skal fylgja ljósmynd af dýrinu.

Eiganda hunds eða kattar ber að tilkynna umhverfis- og framkvæmdasviði um aðsetur- og/eða eigendaskipti og einnig ef að dýrið drepst. Tilkynningar skulu berast eins fljótt og kostur er og eigi síðar en mánuði frá breytingu.

9. gr.

Ábyrgðartrygging, ormahreinsun, örmerking.

Skylt er að hafa í gildi ábyrgðartryggingu fyrir hunda hjá viðurkenndu tryggingafélagi og framvísa staðfestingu á því við skráningu dýrsins og endurnýjun leyfis.

Skylt er að ormahreinsa hunda og ketti á hverju ári. Skal eigandi dýrsins framvísa vottorði um ormahreinsun við skráningu og endurnýjun leyfis.

Hundar og kettir sem sótt er um leyfi fyrir skulu örmerktir eða húðflúraðir af dýralækni samkvæmt reglugerð nr. 1077/2004, um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni, og skal númer merkis skráð við skráningu dýrsins. Dýr skal ávallt bera ól með plötu um hálsinn sem á skal greypt skráningarnúmer, sbr. 1. mgr. 3. gr. Þá skal símanúmer eiganda greypt á plötu sem fest skal við ól dýrsins.

10. gr.

Skráningar- og leyfisgjöld.

Fyrir leyfi til að halda hund eða kött, skal leyfishafi greiða gjöld sem renna í sveitarsjóð, annars vegar skráningargjald og hins vegar leyfisgjald. Gjöldum þessum er ætlað að standa undir kostnaði sveitarfélagsins við hunda- og kattahald og framkvæmd samþykktar þessarar. Bæjarstjórn setur gjaldskrá að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar skv. 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Skráningargjaldið greiðist við skráningu dýrsins og leyfisgjaldið síðan árlega fyrirfram 1. febrúar ár hvert. Hafí leyfi ekki verið greitt á eindaga fellur það úr gildi.

Hundar sem notaðir eru til leitar og björgunarstarfa svo og leiðsögu- og hjálparhundar sem eru sérþjálfaðir og skráðir sem slíkir, eru undanþegnir leyfisgjaldi en eru eftir sem áður skráningarskyldir og þarf að greiða af þeim skráningargjald.

11. gr.

Helstu varúðar-, aðgæslu- og umgengnisskyldur hunda- og kattaeiganda.

Umhirða hunda og katta skal vera í samræmi við lög nr. 15/1994, um dýravernd, og ákvæði reglugerðar nr. 1077/2004, um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni. Eigendur og umráðamenn skulu gæta þess vel að dýrin valdi ekki hættu, óþægindum, óþrifnaði eða raski ró manna.

Eigendum og umráðamönnum hunda er skylt að fjarlægja saur eftir hunda sína. Óheimilt er að láta hunda vera lausa nema innan hundaheldrar girðingar eða á opnu svæði fyrir hunda á Hauga-svæðinu. Hundar skulu annars ávallt vera í taumi utanhúss og í umsjá einstaklings sem hefur fullt vald yfir þeim.

Óheimilt er að tjóðra hund án eftirlits ábyrgs aðila eða skilja eftir eftirlitslausan utanhúss á svölum eða veröndum. Þegar hundur er tjóðraður á lóð skal taumur ekki vera svo langur að hundur komist út fyrir lóðamörk. Bannað er að árásarþjálfá hunda.

Að öðru leyti skal fara að ákvæðum laga nr. 15/1994, um dýravernd, og reglugerðar nr. 1077/2004, um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni, eftir því sem við á.

12. gr.

Óheimilir staðir.

Óheimilt er að fara með hunda og ketti inn á heilbrigðisstofnanir, gististaði, skóla eða aðra þá staði sem taldir eru upp í fylgiskjali 3 við reglugerð nr. 941/2002, um hollustuhætti. Heimilt er þó að hleypa leiðsögu- og hjálparhundum inn á viðkomandi staði. Einnig er óheimilt að hleypa hundum og köttum inn í húsnæði matvælafyrirtækja, sbr. reglugerð nr. 103/2010, um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli og inn í húsnæði vatnsveitna. Heimilt er þó að fara með hunda og ketti inn í íþróttamannvirki, heilbrigðisstofnanir, snyrtistofur og aðra starfsemi sem sérstaklega er ætluð dýrum.

Óheimilt er að fara með hunda á almennar samkomur. Einnig er óheimilt er að tjóðra hunda eða hafa eftirlitslausa fyrir utan sömu staði. Bæjarstjórn getur ákveðið að merkja ákveðin svæði þar sem ekki má vera með hunda. Heilbrigðisnefnd getur einnig veitt undanþágu frá framangreindum ákvæðum í sérstökum tilvikum, þó ekki frá ákvæðum sem er að finna í reglugerðum og lögum.

Víkja má frá fyrirmælum samþykktar þessarar sem banna eða takmarka umferð og dvöl hunda um tiltekna staði þegar um er að ræða hunda sem notaðir eru til löggæslu- eða björgunarstarfa eða sem sérþjálfaðir leiðsögu- og hjálparhundar.

13. gr.

*Lausir, varasamir og hættulegir hundar og kettir,
handsömun, geymsla, aflifun, kostnaður.*

Sleppi hundur frá eiganda eða umráðamanni skal viðkomandi tafarlaust gera ráðstafanir til að handsama hann. Hunda í lausagöngu skal færa í sérstaka dýrageymslu og tilkynna eiganda, sé hundurinn merktur, svo fljótt sem auðið er. Ef hunds er ekki vitjað innan sjö sólarhringa frá handsömun er heimilt að ráðstafa honum til nýs eiganda eða selja hann fyrir áföllnum kostnaði. Að öðrum kosti skal hann aflífaður að undangenginni auglýsingu á heimasíðu sveitarfélagsins. Heimilt er að lóga ómerktum hundum án undangenginnar auglýsingar. Um aflifun hunda fer samkvæmt ákvæði 8. gr. reglugerðar nr. 1077/2004, um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni. Hafi hundur verið handsamaður, er óheimilt að afhenda hann fyrir en að lokinni skráningu, greiðslu leyfisgjalds og áfallins kostnaðar. Kostnaður við handsömun, geymslu eða aflifun hunds skal að fullu greiddur af eiganda.

Hafi eigandi eða umráðamaður hunds ástæðu til að ætla að hundur hans sé grimmur eða varasamur skal hann sjá til þess að hundur hans sé ávallt mýldur utan heimili síns.

Hafi hundur bitið mann eða ef hundur telst hættulegur getur dýraeftirlitsmaður í samráði við heilbrigðisfulltrúa tekið ákvörðun um að hundur verði aflífaður. Óski hundaeigandi þess er honum þó heimilt að leita álits héraðsdýralæknis áður en ákvörðun er tekin. Berist lögreglu eða heilbrigðisnefnd kvartanir eða kærur vegna hundahalds sem fellur undir samþykkt þessa, skal dýraeftirlitsmanni tilkynnt um þær.

Bæjarstjórn er heimilt að láta fanga ómerкта ketti. Meiriháttar föngun villikatta í þéttbýlistöðunum skal auglýst með a.m.k. viku fyrirvara. Kettir sem fangaðir eru skulu færðir í dýrageymslu sveitarfélagsins. Ef eigandi vitjar ekki kattarins innan sjö sólarhringa er heimilt að aflífa köttinn án frekari fyrirvara, sbr. þó ákvæði 8. gr. reglugerðar nr. 1077/2004, um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni. Sé kvartað undan ágangi katta í sveitarfélaginu er dýraeftirlitsmanni heimilt að veiða í búr og aflífa ómerкта ketti, sbr. þó ákvæði 8. gr. reglugerðar nr. 1077/2004, án þess að það sé auglýst sérstaklega.

Ef merktir kettir sem lenda á flækingi eru handsamaðir af dýraeftirlitsmanni skal hann strax hafa samband við skráðan eiganda sem fær köttinn afhentan gegn greiðslu áfallins kostnaðar. Hafi kattarins ekki verið vitjað innan sjö sólarhringa af réttum eiganda og hann greitt áfallinn kostnað vegna handsömunar og vörslu dýrsins, skal dýrinu lógað. Við endurtekna handsömun sama kattar skal að auki greiða sekt samkvæmt gjaldskrá.

14. gr.

Þvingunarúrræði og viðurlög.

Ef eigandi brýtur gegn lögum um dýravernd, dýrahald, samþykkt þessari eða öðrum reglum sem um dýrahald gilda, getur umhverfis- og framkvæmdasvið Vestmannaeyjabæjar afturkallað leyfi til hans eða bannað honum að vera með hund innan marka sveitarfélagsins.

Sé brot smávægilegt skal áminna eiganda að undangengnum andmælarétti. Ítrekuð brot varða afturköllun leyfis til hunda- eða kattahalds. Einnig getur bæjarstjórn afturkallað öll leyfi til hunda- eða kattahalds, telji hún þess brýna þörf.

Ákvarðanataka um afturköllun leyfis til hunda- og kattahalds fer samkvæmt málsmeðferðarreglum stjórnisýslulaga, nr. 37/1993.

Um valdsvið, þvingunarúrræði, brot og málskot á samþykkt þessari skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

15. gr.

Gildistaka.

Samþykkt þessi staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 55/2008, um hundahald í Vestmannaeyjabæ.

Ákvæði til bráðabirgða.

Haldi eigandi fleiri en þrjú dýr, þegar samþykktin tekur gildi, er honum skylt að sækja um leyfi skv. 2. gr. innan sex mánaða. Getur hann þá að fengnu leyfi haldið dýrin á heimili sínu á meðan þau lifa.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 15. ágúst 2014.

F. h. r.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Laufey Helga Guðmundsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 29. ágúst 2014